

Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði

Samráðsnefnd um gerð rammaskipulags

9. fundur

Mánudaginn 28. janúar 2019 kl. 15.00 á hafnarskrifstofunni

Mætt: Kristín Thoroddsen, Ágúst Bjarni Garðarson, Ólafur Ingi Tómasson, Gylfi Ingvarsson, Guðrún Guðmundsdóttir og Lúðvík Geirsson. Karólína Helga Símonardóttir boðaði forföll.

- 1) Farið yfir umræður og áherslur sem komu fram á vinnufundi með arkitektum og kynningarfundum með lóðarhöfum og íbúum í Hafnarborg þann 21. janúar sl. Kynningarfundir voru fjölsóttir og umræður jákvæðar um framkomna tillögu.
- 2) Guðrún skýrði frá fundi með vinnuteymi arkitekta og umferðarsérfræðingi þann 22. janúar. Rætt um áherslur við frekari vinnu á rammaskipulagi. Arkitektar leita eftir áherslum frá samráðsnefnd varðandi umferðarþáttinn, bílastæðamál á skipulagssvæði og húsnæðisstefnu. Samþykkt að fara nánar yfir á næsta fundi.
- 3) Í vinnu við gerð rammaskipulags fyrir Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði hefur verið farið útfyrir áður samþykkt skipulagssvæði og það teygt í austur, allt útundir Hamarskotsmalir. Samráðsnefnd leggur til við hafnarstjórn að samþykkja með formlegum hætti stækkun á skipulagssvæðinu með vísan til framkominna tillagna.
- 4) Farið yfir næstu tímasetningar í skipulagsvinnu. Stefnt er að sameiginlegum vinnufundi í Gautaborg um miðjan mars og þá verði jafnframt skoðuð ný skipulagssvæði þar um kring og við Málmey. Guðrún mun undirbúa fundinn nánar í samvinnu við arkitektateymi.
- 5) Stefnt er að næsta kynningarfundum arkitekta hér heima í apríl n.k. Samráðsnefnd leggur til að fundurinn verði haldinn í fyrrihluta apríl og í framhaldi af honum verði kynningarefni sett á netsíðu og opnað fyrir rafrænar ábendingar og tillögur fyrir lokavinnu við rammaskipulagið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00

LG ritaði fundargerð